

**Nd.**

**356. Breytingartillögur**

**[27. mál]**

við fry. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr.

a. 2. málsg. orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams-  
tjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni,  
eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var  
staddur á skipi eða vann í þágu skips.

b. 4. málsg. falli burt.